

Nd.

564. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Síðasti málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:  
Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei fara fram úr því, að ríkið greiði sinn hluta af fullum launum 15 ráðunauta.

2. gr.

Fyrri málsl. 2. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:  
Laun héraðsráðunauta greiðast að jöfnu úr ríkissjóði og af hlutaðeigandi búnaðarsamböndum.

3. gr.

11. gr. laganna breytist á þessa leið:

1. Fyrir orðin „helmingur rekstrarkostnaðar“ í III. lið (vélgrafnir skurðir) komi:  $\frac{6}{100}$  rekstrarkostnaðar.
2. IV. liður orðist svo:  
Jarðrækt: Vinnsla og jöfnun lands vegna túnræktar:
  - a. Ræktun sanda ..... kr. 150.00 pr. ha.
  - b. Ræktun annars lands ..... — 200.00 — —
3. V. liður orðist svo:  
Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 4.00 pr. m<sup>2</sup>.
4. Á eftir VII. lið bætast nýir liðir, svo hljóðandi:
  - a. Garðávaxtageymslur, steyptar, með þaki úr varanlegu efni, kr. 5.50 pr. m<sup>2</sup>.
  - b. Súgburrkunarkerfi í þurrheyslöhöður, miðað við gólfhlöt, kr. 5.00 pr. m<sup>2</sup>.
5. Aftan við greinina bætist:

Greiðsla jarðabótaframlags til jarðabótamanna er bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem þeir eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastl. ár og greitt lögboðið gjald í fyrningarsjóð, sbr. lög um jarðræktar- og húsaðarsamþykktir í sveitum, enda hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags.

4. gr.

Í stað 2. málsgr. 12. gr. laganna komi:  
Á framlag ríkissjóðs til jarðabóta samkv. 11. og 15. gr., að viðbættri verðlagsuppbót þeirri, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar greinar, greiðist 15% álag.  
Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 11. gr., að viðbættri verðlagsuppbót og álagi, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags til sameiginlegra félagsþarfa, nema af vélgröfnum skurðum. Af framlagi til þeirra greiðist 3%.

Nú lætur framræslu- eða áveitufélag, sem sett hefur sér samþykkt, er hlotið hefur staðfestingu stjórnarráðsins, ræsa fram lönd félagsmanna sinna, og á þá félagið rétt á að fá til sameiginlegra félagsþarfa þau 3%, sem greidd eru af jarðabótaframlögum vegna skurða, er félagið lætur grafa.

5. gr.

Í stað orðanna „flóðgarða og flóðgátta  $\frac{1}{3}$  kostnaðar“ í 23. gr. laganna komi: flóðgarða  $\frac{1}{3}$  kostnaðar, en bygginga flóðgátta og vatnsbrúa  $\frac{1}{2}$  kostnaðar.

**6. gr.**

Ákvæði til bráðabirgða verði á þessa leið:

Meðan eigi er að dómi Búnaðarfélags Íslands vól á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands.

Til ársloka 1960 skulu þau býli, er hafa minna en 10 ha tún, njóta 450 króna framlags á ha til jarðræktar og 3 kr. á hvern m<sup>3</sup> í handgröfnum skurðum, ef ekki þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands fært að fá skurðgröfu til að vinna verkið, hvort tveggja að viðbættri verðlagsuppbót.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956, og greiðist framlag á umbætur unnar 1955 samkvæmt þeim. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 8 24. jan. 1952, um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.